FLÓAHREPPUR
480 4370 I floahreppur@floahreppur.is I www.floahreppur.is I Þingborg I 803 Selfoss

# Minnisblað sveitarstjóra vegna breytinga á fjárfestingaáætlun 2025

Í samþykktri fjárfestingaáætlun 2025 er gert ráð fyrir 30 milljón kr. fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum í eignasjóði vegna í keyptrar fasteignar fyrir áhaldahús sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið hefur fengið verðtilboð í iðnaðarbil sem hentar fyrir áhaldahús og leggur sveitarstjóri til að sveitarstjórn skoði möguleikann á því að fjárfesta í tveimur iðnaðarbilum. Sú ákvörðun myndi kalla á breytingu á fjárfestingaáætlun 2025 vegna keyptrar fasteignar fyrir áhaldahús sem myndi hækka um 20 milljónir kr. Samtals fjárfesting vegna keyptrar fasteignar fyrir áhaldahús sveitarfélagsins færi þá í alls 50 milljónir kr. á árinu 2025.

Áhaldahús sveitarfélagsins mun nýtast fasteignasviði, vinnuskóla, vatnsveitu Flóahrepps og Flóaljósi.

*Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri*